



## HÁSKÓLI ÍSLANDS

IÐNAÐARVERKFRÆÐI-, VÉLAVERKFRÆÐI-  
OG TÖLVUNARFRÆÐIDEILD

**Áfangi:** Tölvuteikning og framsetning/Verkfræðileg framsetning (IÐN202G/VÉL201G)  
**Heiti:** Stóra teikniverkefnið  
**Afhent:** 13. Janúar 2020  
**Skil:** 23 apríl 2020

---

### Lýsing:

Stóra teikniverkefnið er einstaklingsverkefni. Skila á teiknisetti sem inniheldur smíðateikningar, samsetningateikningar og samantekt um hönnunina. Gerð er krafa um að teiknisettið verði fagmannlega unnið og innihaldi allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir smíði. Ef hluturinn er ekki eigið hugverk að þá skal skila inn fylgigögnum um uppruna hans.

### Viðfangsefnið:

Teikna á fjölnota húsgagn fyrir lítil rými, frjálst val er á viðfangsefninu. Húsgagnið á að vera stílhreint, fjölnota, sett saman úr a.m.k 40-50 einingum og/eða metnaðarfullt. Um að gera að nota hugmyndarflugið. Ef þið eruð ekki viss um hvort húsgagnið standist kröfu verkefnisins hafið þá samband við bæði Pál og Þórð.

Dæmi um fjölnota húsgögn: [Google1](#), [Google2](#), [youtube](#), [kickstarter](#), [trendhunter](#), [GO](#), Stóll á [trendhunter](#)

Hér getið þið fengið upplýsingar um festingar, hlutanúmer þeirra og stærð á [www.haefele.de](http://www.haefele.de)

### Teiknisettið

- Uppbygging teiknisettsins á að vera eftirfarandi.
- Forsíða
- Inngangur + greinargerð um hönnunina og kostnaðarmat
- Sprengimynd ásamt efnislista (ath. Hafa alla dálka skv forskrift auk kostnaðardálks)
- Smíðateikningar af öllum einingum sem þarf að smíða
- Isometrískar myndir af hönnuninni samsettri
- Tvívíðar samsetningaramyndir af hönnuninni.